

Matsheimsókn á Bæklunarskurðlækningadeild Skurðlækningasviðs Landspítala, framkvæmd þann 5.4. 2019.

Inngangur:

Um var að ræða endurnýjað matsferli vegna fyrsta hluta sérnáms (alls 2 ár eða um 24 mánuðir) að ósk bæklunarskurðlækningadeildar á skurðlækningasviði Landspítalans (LSH). Marklýsing sérnámsins frá Íslenska bæklunarskurðlæknafélaginu og bæklunarskurðlækningadeild skurðlækningasviðs LSH var viðurkennd af hálfu mats- og hæfisnefndar 19.9. 2017. Hún er byggð á marklýsingu námsins frá Svíþjóð, þ.e. frá Svensk Ortopedisk Förening (SOF). Sú marklýsing er viðurkennd af heilbrigðisyfirvöldum í Svíþjóð (Socialstyrelsen). SOF viðurkenndi tveggja ára upphafsnám á LSH með bréfi þann 30.1. 2019, en matsheimsókn frá SOF hefur ekki farið fram (sbr. *Läkarförbundets specialistutbildningsråd, inspektion och utvärdering av kliniker som har läkare under specialistutbildning*, <https://sim.nu/utbildning/spur/>).

Í matsheimsókninni tóku þátt Reynir Tómas Geirsson og Björn Geir Leifsson frá Mats- og hæfisnefnd. Viðmælendur af bæklunarskurðlækningadeild skurðlækningasviðs voru Halldór Jónsson jr., prófessor og yfirlæknir, og Ólöf Sara Árnadóttir, sérfræðilæknir og kennslustjóri sem forsvarsmenn námsins, Hjörtur Friðrik Hjartarson og Ólafur Sigmundsson úr hópi sérfræðilækna á deildinni, og þeir Stefán Árni H. Guðjohnsen og Hjörleifur Skorri Þormóðsson sérnámslæknar.

Um sérnámið:

Forsvarsmenn námsins eru Halldór Jónsson jr., prófessor/yfirlæknir, og Ólöf Sara Árnadóttir, kennslustjóri/sérfræðilæknir (LSH Fossvogi). Guðmundur Örn Guðmundsson, sérfræðilæknir, er í forsvari fyrir námshluta sem getur farið fram fer í Orkuhúsinu, Reykjavík. Eldri skriflegur samningur er við Orkuhúsið um námið, þ.m.t. með nokkurri áherslu á liðspeglanir og þátttöku í starfi í móttöku/göngudeild. Hvernig nám þar mætti vera, s.s. á formi nokkurra daga í kynningarskyni út frá Landspítalanum eða á formi tímabundinnar ráðningar í Orkuhúsið með tímabundinni launaðri ráðningu sérnámslækna, var rætt í tengslum við fyrri úttekt 2017, en hefur ekki verið fastsett. Klínikin í Ármúla blandast inn í þetta sem annar hugsanlegur kennslustaður. Launagreiðsluvandi sem tengist Tryggingastofnun er óleystur. Þess vegna hafa ekki allir sérnámslæknarnir farið í Orkuhúsið, en unnið er að því að koma fastara formi á þessa kennslu. Nýir sérfræðilæknar á bæklunarskurðlækningadeild LSH eru að kenna meira um liðspeglanir á LSH. Þar eru liðspeglanir hins vegar ennþá tiltölulega fáar. Á LSH er ekki sameiginleg móttaka sérnámslækna og sérfræðilækna í göngudeild. Ekki er samvinna við bæklunarskurðlækningar á Sjúkrahúsinu á Akureyri eða Heilbrigðisstofnun Vesturlands (á Akranesi).

Gert er ráð fyrir **um tveggja ára upphafsnámi í sérgreininni á Íslandi** en að náminu sé svo lokið á næstu þrem árum annarsstaðar, væntanlega oft í Svíþjóð (eða Noregi). Ljúki náminu í öðru landi en á Íslandi fer um námslok eftir reglum viðkomandi lands með tilvísan í íslensku

reglugerðina nr. 467/2015. Hluti námslokanna gæti innifalið skriflegt og munnlegt próf sem sænska bæklunarskurðlæknafélagið (Svensk Ortopedisk Förening, SOF) gengst fyrir í samvinnu við þarlend heilbrigðisyfirvöld (Socialstyrelsen). Gert er ráð fyrir því í marklýsingunni að íslenskt sérfræðipróf þýtt úr sænsku verði haldið ef læknir lýkur sérnámi á Íslandi. Þá kemur til greina að sérnámslæknar þreyti próf á ensku á vegum Evrópusamtaka bæklunarlækna, EFORT, þar sem byggt er á samevrópskum stöðlum. Ekki eru þó áform um slík námslok að svo stöddu á Íslandi.

Handleiðslunámskeið sem flestir sérfræðilæknar bæklunarlækningadeildar sóttu var haldið sl. vor 2018, þ.e.a.s. heilsdags námskeið með sænskum kennara (LSH greiddi kostnaðinn). RTG fylgdist með því af hálfu mats- og hæfisnefndar. Farið var fram á mætingu sérfræðilæknanna. Óánægja hefur verið með að handleiðarar hafi ekki fengið aukalega greiðslu fyrir þau verk frá LSH. Handleiðarar hafa verið misjafnir í því hvernig þeir hafa sinnt sérnámslækunum. Skil á því gætu verið betri að mati sérfræðilækna og sérnámslækna. Inn í það blandast mikið vinnuálag. Aðrir sérfræðilæknar sviðsins eru með klínískt leiðbeinandahlutverk (e. clinical supervisors). Allir sérfræðilæknar hafa þekkingu á marklýsingu fyrir sérnámið og á deildinni er ætlast til virkrar þátttöku í kennslustarfi á deildinni/stofnuninni.

Áhersla hafur samt verið eins og fyrr á framþróun sérnámsins og námsstaðarins með hliðsjón af þróun í faginu og kennsluháttum, og með tilliti til þess að bæta getu deildarinnar til að hafa mannafla og aðstöðu þannig að sérnámið hafi nauðsynlegan forgangssess hjá sérnámslækninum og innan deildarinnar. Góð samvinna er við aðrar deildir spítalans, svo sem slysadeild, og við heila- og taugaskurðlækna, lýtalækna, sérhæfða hjúkrunarfræðinga, sjúkraþjálfara og iðjuþjálfara.

Matsferli og handleiðsla í sérnáminu:

Lögð voru fram átta skjöl tengd sérnáminu, þ.e. stutt en greinargott skjal um skipulag sérnámsins, handbók sérnámslækna (60 bls.), leiðbeiningar fyrir handleiðara, áætlun um formlega fræðslu, matsblöð vegna námsins og sérnámssamningur. Allt eru þetta vandlega unnin skjöl. Tilgreindir umsjónarlæknar (handleiðarar, e. educational supervisors) eru til staðar fyrir alla sérnámslækna. Sérnámslæknar undirgangast ekki próf í náminu á Íslandi, en náminu er í SOF leiðbeiningunum skipt í 4 tímabil eða þrep og innan þeirra eru 20 áfangar. Unnið er með DOPS og mini-CEX kerfin sem matstól á 1. og 2. námsári hér og stefnt að formlegu mati á næsta hausti. Votta þarf að sérnámslæknir hafi lokið þrepum/áföngum eins og við á hjá hverjum um sig. Eðlilegt er að það sé hluti af loggbók/námsskrá/ePortfolio.

Áfangaskipti í náminu hafa ekki verið skýr og ekki hefur verið tími til að sinna gæða- eða rannsóknaverkefnum. Tímasetja mætti betur tímabilin/þrepin með tilliti til sérnámsins á Íslandi. Listi yfir þetta tekur fyrst og fremst til tegunda af inngripum/aðgerðum, fremur en til mats á sérnámslækni sem fagmanni. Sérnámslæknarnir telja vinnuálag of mikið og erfitt að komast í að læra sumar tegundir aðgerða, svo sem á hrygg og innan bæklunarskurðlækninga barna. Handbók sérnámslæknanna (kölluð „Drög“) er góð og ítarleg, alls 60 blaðsíður. Breyta þarf þessu úr drögum í endanlegra form.

Einu sinni á ári hefur farið fram mat á framgangi sérnámsins hjá hverjum og einum sérnámslækni með forsvarsmönnum námsins og handleiðara sérnámslæknisins. Fyrir viðtalið á að safna upplýsingum um sérnámslækninn frá samstarfsfólki úr mismunandi fagstéttum

(360 gráðu mat). Lýsing á matinu þarf að vera greinargóð m.t.t. þess sem metið er, ekki síst í lok fyrsta námsársins þar sem ráðleggja þarf sérnámslækni um getu hans/hennar til áframhaldandi náms í sérgreininni.

Í samtali við kennslustjórann, Ólöfu Söru Árnadóttur, kom fram að byrjunarörðugleikar hefðu verið á sl. ári 2018, en í heild hefur deildin verið vel mönnuð og sérnámslæknar verið ánægðir að mati yfirmanna. Þau hafa faglestartíma einu sinni í viku og fara gegnum/notast við viðurkennda alþjóðlega sérfræðikennslubók, Miller's Review of Orthopedics og reiknað með að yfirferðin taki 2-3 ár (<https://www.elsevier.com/books/millers-review-of-orthopaedics/miller/978-0-323-35517-9>). Þetta er í samræmi við SOF marklýsinguna. Sérnámslæknar fá fimm spurningar í hverri viku og 80% svörun þarf. Aðgengið er rafrænt og er keypt fyrir deildina handa 10-12 sérnámslæknum. Greinafundir eru 1-2 á mánuði, formleg kennsla sem deildarlæknar velja efni á eru mánaðarlega og tvisvar hefur verið farið á Keldur í æfingabúðir þar sem frílagning vefja og fínlegur saumur er æfður á kaninum og kindum (keyptur aðgangur af LSH).

Atriði sem notuð eru í mati á sérnámsstað (svarið með já/nei eða með athugasemdum.

Nefndin sjálf setur matið á skala frá 1-6 þar sem 1= í mjög litlum mæli, 2=litlum mæli, 3= í nokkrum en þó minni mæli, 4= í nokkrum en þó meiri mæli, 5= í miklum mæli, 6= í mjög miklum mæli, eða 0= á ekki við):

1. Í upphafi náms var gerður skriflegur námssamningur með tilvísan í marklýsingu og megin markmið sérnámstilboðsins.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir: 0

2. Kynning fór fram á starfssviði sérnámslæknisins m.t.t. mismunandi áfanga, þátta og tímabila í sérnáminu, þ.m.t. inntaks námsins á upphafsári þess.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir: 0

3. Námsleiðbeinandi/lærimeistari/handleiðlari/mentor) var skipaður og aðgengilegur, m.a. á reglubundnum samræðufundum um námsframvindu.

Til staðar: 5 Ekki til staðar:

Athugasemdir: Allir sérnámslæknar hafa handleiðara sem hefur lokið námskeiði. Ekki eru allir sérfræðilæknar jafn mikið inni í námskerfinu eða jafn áhugasamir um eftirlit með námsframvindu eða geta komið við reglubundnum fundum með sérnámslæknum.

4. Leiðbeinendur (educational/clinical supervisors) hafa lokið viðeigandi námskeiði um kennslutækni.

Til staðar: 5 Ekki til staðar:
Athugasemdir: 0

5. Námslæknir taldi eftirlit og áhuga leiðbeinenda fullnægjandi og að hann/hún hefði haft tækifæri til að ná þeirri hæfni/færni sem vænst var á viðkomandi námsstigi.

Til staðar: 4 Ekki til staðar:
Athugasemdir: Sjá lið 3.

6. Endurgjöf var veitt þar sem og þegar við átti, þ.m.t. með ráðleggingum um námsframvindu.

Til staðar: 4 Ekki til staðar:
Athugasemdir: Sjá lið 3.

7. Ráðgjöf/kennsla var veitt um samskipti við aðrar sérgreinar læknisfræðinnar og hliðstæðar heilbrigðisvísindagreinar, og við samstarfsfólk í mismunandi störfum á vinnustaðnum.

Til staðar: 3 Ekki til staðar:
Athugasemdir: Gert í einhverjum mæli.

8. Ráðgjöf var veitt í samskiptum við yfirmenn og stjórnendur, og einnig opinbera aðila og stjórnvöld ef við átti.

Til staðar: 3 Ekki til staðar:
Athugasemdir: Lítið gert.

9. Leiðbeiningar voru veittar um leiðtogahlutverk og það að taka að sér forystu í verkefnum, bæði í daglegum störfum, kennslu og rannsóknastörfum.

Til staðar: 4 Ekki til staðar:
Athugasemdir: Ekki vel ljóst í hve miklum mæli þetta á við, m.a. vegna vinnuskipulags og aðstæðna á námsstað.

10. Áhersla var á fagmennsku og að námslæknir tileinki sér góða fagþekkingu, bæði grunnþekkingu og sérhæfðari atriði sérgreinarinnar.

Til staðar: 5 Ekki til staðar:
Athugasemdir: Skipulegur lestur formlegs kennsluefnis er mikilvægt skref en við það þyrfti að bæta áherslu á fagmennsku og samskipti.

11. Námsækifæri í daglegum störfum voru nýtt.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir: 0

12. Vinnuskipulag var gott og stuðlaði að því að ná markmiðum marklýsingar með hliðsjón af hæfni og þekkingarkröfum.

Til staðar: 4 Ekki til staðar:

Athugasemdir: Vinnuskipulag er þannig að tími til náms getur verið takmarkaður. Áfangar í námi mættu vera skýrari í marklýsingu og klínísku námi. Sérnámslækna getur skort leiðbeiningu í daglegri vinnu.

13. Tími gafst í daglegri vinnutilhögun til að eiga samtöl við kennslustjóra og umsjónarlækni/leiðbeinanda, og vinnufyrirkomulagið stuðlaði að þekkingaröflun. Sérnámslæknar geta oftast sótt fræðslufundi og nýtt námsækifæri á deild/stofnun til að víkka þekkingar- og reynslugrundvöll.

Til staðar: 5 Ekki til staðar:

Athugasemdir: Stenst að mestu leyti. Vinnubúðir, fundir og leshringur á formlegri kennslubók er til staðar, en tíma getur skort í samtöl við handleiðara.

14. Eru reglubundnir fræðslu- og námsfundir á vinnustað þar sem viðvera er nauðsynleg?

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir: 0

15. Tækifæri til að sækja samningbundin námsskeið og nýta námsleyfi voru veitt.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir: 0

16. Tækifæri voru veitt til að taka þátt í kennslu nemenda og prófum.

Til staðar: 3 Ekki til staðar:

Athugasemdir: Þetta mætti útvíkka til fleiri nemenda og til þátttöku í prófum og einkunnagjöf læknanema.

17. Loggbók/sérnámsmappa/ePortfolio eða sambærileg gögn voru yfirfarin af leiðbeinendum.

Til staðar: 5 Ekki til staðar:

Athugasemdir: Gögnin mætti bæta. Matsblöðin taka til yfirlitsþátta, en ekki til nánari þátta er varða færni, samskiptahæfni, þekkingu og skilning á faginu og grundvelli þess. Líklega gegnir þó Miller's Review þessu hlutverki að vissu leyti. Sænsku prófin eru ekki tekin á deildinni.

18. Leiðbeinendur, sérfræðingar og yfirmenn hafa verið aðgengilegir þegar á þurfti að halda.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir: 0

19. Námslæknir fékk tækifæri til þátttöku í gæða- eða rannsóknarverkefni og lærði meginatriði slíks starfs eins og við átti varðandi sérgreinina.

Til staðar: 4 Ekki til staðar:

Athugasemdir: Að komast í betra horf.

20. Á námsstað er áhersla á gagnkvæma persónulega virðingu og sanngirni í samskiptum, teymisvinna gengur vel og tækifæri hafa verið veitt í því sambandi.

Til staðar: 5 Ekki til staðar:

Athugasemdir: 0

21. Heildarmat námslæknis á vinnu- og námsstaðnum var fullnægjandi.

Til staðar: 5 Ekki til staðar:

Athugasemdir: 0

22. Heildarmat kennslustjóra og leiðbeinenda á námslæknunum var fullnægjandi.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir: 0

Heildareinkunn: 108 af 132

Endurmat: Við ≥ 115 stig eftir 2 ár, við ≥ 85 stig eftir 1 ár, við ≥ 75 stig eftir 6-8 mánuði. Stig ≤ 74 eru ekki fullnægjandi og úrbætur (með nýju mati ef við á) þarf til viðurkenningar námsstaðar.

Styrkleikar á námsstað: Almenn er kennsla góð, svo og umsjón með námslæknum, áhugi er á að gera vel og efla námið. Sænsk marklýsing er til staðar sem er kennurum og námslæknum kunn og er notuð. Mikið klínískt efni er fyrir hendi sem góður grunnur námsins, samvinna við skyldar faggreinar og fjölfagleg samvinna til staðar og grunduð. Tengsl eru góð við heila- og taugaskurðlækningar, bráða- og slysalækningar, lýtalækningar, sjúkra- og iðjubjálfun. Námsstækifæri á deildinni eru mörg, í slysamóttöku og á sérhæfðum móttökum fagsins svo og í skurðaðgerðum og við vinnu á deildum. Góð nánd er almennt milli sérfræðilækna og sérnámslækna. Námslæknar fá talsverða ábyrgð í starfi og í því er markviss hvatning. Áhugi sérnámslækna er mikill. Áform eru um að bæta enn skráningu og nota loggbók (sbr. aths. í 3. mgr. bls. 21 í marklýsingu), og að námslæknar fái tækifæri til að sækja námsfundi á deildinni og utan hennar, m.a. með að sækja grunnnámskeið (A-O tækni) í Skotlandi. Sérfræðilæknar leggja sig flestir fram um að kenna. Ársáætlun („Árshjól“) er til staðar með góðri áætlun um kennslu og matsferli, þ.m.t. prófi apríl og skilum á matsblöðum í febrúar, maí og nóvembermánuði, áætlun um móttöku nýrra sérnámslækna í ágúst og sérfræðilæknaálit í septembermánuði. Góð skjöl hafa verið samin um hvernig fylgst verður með námsframvindu og bresk fyrirmynd er notuð þar. Formleg kennsla gengur vel og kaup á nýrri megin kennslubók í faginu er mikil framför. Sérfræðilæknarnir sóttu kennaranámskeið sem deildin hél á sl. ári.

Veikleikar námsstaðar: Vinnuálag er mikið og getur orðið úr hófi, þannig að námslækna getur skort tíma til að sinna faglegru grunnmenntun. Námið er ekki alltaf í fyrirrúmi þegar klínísk þörf kallar á starfskraft. Vakta- og vinnubyrði hefur áhrif á hvað og hvernig námsstækifæri nýtast eða hvaða tími gefst til fræðilega námsins. Vantað getur á útskýringar og umræður um bakgrunn læknisaðgerða og áþekk atriði sem mundu efla fagmennsku. Loggbók hefur ekki verið notuð og námslæknar hafa þurft að skrá án eftirlits hjá sér gögn úr færslugrunnum spítalans, þ.e.a.s. fyrst og fremst um skurðaðgerðir, en önnur atriði (talin upp á bls. 10-13 í marklýsingu) komast þá ekki á blað. Rannsókn- og gæðaverkefni hefur vantað en áhugi er fyrir að hvetja námslækna í þá átt. Náminu hér er ekki beint að undirgreinum nema í litlum mæli, svo sem barna- og öldrunarbæklunarlækningum. Samningur er við Orkuhúsið um nám í atriðum sem erfiðara er að fá á deildinni, en minna hefur orðið í framkvæmd þessa en til stóð.


Heildarniðurstaða mats: Marklýsing og önnur skjöl sem notuð eru til að formgera stöðu og mat á sérnámslæknum eru góð og klínísk kennsla gengur vel í heild, og er í forgangi. Vaktabyrði og daglegt álag þarf að minnka í daglegum störfum með nægri mönnun ef þess er kostur. Skipulag bóklegs náms hefur verið bætt, svo og mat á framþróun. Endurnýja þarf og útfæra betur samning við Orkuhúsið og aðra svipaða staði. Í heildina hefur verið jákvæð framþróun frá fyrra mati haustið 2017. Nýtt mat mætti fara fram að 1,5 til 2 árum liðnum, einkum ef erlend (SOF, SPUR) úttekt/heimsókn fer fram sem Mats- og hæfisnefnd gæti líka fylgst með. Það er niðurstaða Mats- og hæfisnefndar skv. Reglugerð nr. 467/2015 að bæklunarlækningadeild Skurðsviðs Landspítalans uppfylli sett skilyrði til að teljast fullgildur námsstaður fyrir fyrsta hluta (um 2 ár) sérnáms í bæklunaraskurðlækningum.

English summary:

The educational guideline and documents to formally set the status of and assess the trainees are good and clinical teaching goes on the whole well and has priority. Workload and on-call duties should be reduced if possible to allow more room for educational activities during working hours. The organisation of theoretical learning has improved, as has progress evaluation. A renewal and improvement of an agreement with the private clinic Orkuhúsið and other similar potential teaching places must be achieved. On the whole there is considerable progress from the previous evaluation/EAC visit in 2017. A new visit could take place in 1.5 to 2 years, not least if a Swedish SOF or SPUR visit were to be conducted where the EAC could take part. The EAC therefore declares in accordance with Directive nr. 467/2015 that the Department of Orthopedic Surgery at Landspítali University Hospital fulfills the requirements for accreditation as an educational institution for a 2-year initial training period in orthopedics/orthopedic surgery.

Undirskriftir matsaðila og staðfesting fulltrúa námsstaðar:

Reykjavík 20. 6. 2019:




Reynir Tómas Geirsson



Björn Geir Leifsson



Ólöf Sara Árnadóttir



Halldór Jónsson jr.